



## Minnisblað

KPMG ehf.  
Austurvegi 4  
800 Selfoss  
Sími: 545 6000  
kpmg.is

**Til Félags- og skólaþjónusta Rang og V-Skaft**  
**Frá Auðunn Guðjónsson**  
Dags. 26 mars 2019  
Tilv. Minnisblað til Félags 260319

### Ársreikningar og endurskoðun

Þann 15. mars sl. barst beiðni um tilboð í gerð ársreikninga, með tilliti til breytinga á rekstrarformi byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.

Erindinu fylgdu upplýsingar um hugmyndir að breytingum á uppbyggingu starfseminnar þannig að henni verði skipt upp í tvær einingar en hugmyndirnar virðast ekki að fullu útfærðar.

Samkvæmt upplýsingum frá formanni stjórnar með samtali 26. mars er áfram reiknað með að ársreikningar byggðasamlagsins séu endurskoðaðir og óskað sé eftir að því verkefni verði sinnt auk vinnu við uppstillingu ársreikninga. Einnig kom fram að reiknað sé með að bókhald hvorrar einingar verði afhent til endurskoðanda fullafstemmt af þeim aðila/aðilum sem munu sjá um færslu bókhalds, launavinnslu og reikningagerð fyrir einingarnar.

Ef undirliggjandi starfsemi byggðasamlagsins verður áþekkt því sem var á árinu 2018 má reikna með að þóknun fyrir uppstillingu viðeigandi ársreikninga og endurskoðun verði um 1,3 - 1,6 millj. kr. á ári auk virðisaukaskatts.

Framangreind áætlun um þóknun miðar að því að endurskoða viðkomandi ársreikninga og gefa álit í áritun á þá. Endurskoðunin er unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Reiknað er með að endurskoðunin byggji m.a. á prófunum á innra eftirliti, gagnaskoðun, staðfestingarvinnu og öflun annarra viðeiganda endurskoðunargagna. Þá er reiknað með að vinna við uppstillingu ársreiknings byggji á fullafstemmdu bókhaldi hvorrar einingar.

Í sama erindi er óskað eftir álitum er varðar framsetningu reikningsskila miðað við hugmyndirnar. Til að veita álit um þessi atriði er ljóst að við þurfum frekari upplýsingar, en ekki verður séð að þau álitsefni hafi veruleg áhrif á umfang vinnu við uppstillingu ársreikninga og endurskoðun.